



FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ

THE FINANCIAL SUPERVISORY AUTHORITY, ICELAND

Skýrsla um ávöxtun einstakra eignaflokka

Með vísan til 9. gr. laga nr. 87/1998, um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, er farið fram á að allir lífeyrissjóðir og vörsluaðilar séreignarsparnaðar sendi upplýsingar um fjárfestingar sínar til Fjármálaeftirlitsins. Skv. 11. gr. reglugerðar nr. 916/2009, með áorðnum breytingum, skal úttekt á ávöxtun eignasafna vegna samtryggingardeildar og lífeyrissparnaðar í séreign næstliðins árs, skilað til Fjármálaeftirlitsins eigi síðar en 30. apríl ár hvert. Gera skal grein fyrir úttekt á ávöxtun eignaflokka fyrir hverja deild og fjárfestingarleið. Úttektin skal innihalda upplýsingar um ávöxtun fjárfestinga í samræmi þær reikningsskilaaðferðir sem beitt er við gerð ársreikninga og leiðbeiningar þessar sem byggja á tegundaflokkun 36. gr. a. laga nr. 129/1997. Tilgangurinn er að fylgjast nánar með ávöxtun af fjárfestingum og er það hluti af áhættumiðuðu eftirliti Fjármálaeftirlitsins með lífeyrissjóðum og vörsluaðilum séreignarsparnaðar.

Senda ber sérgreindar upplýsingar fyrir hverja deild/leið/sjóð þar sem tilgreind er ávöxtun einstakra eignaflokka hvernar deildar/leiðar/sjóðs. Útbúið hefur verið XML skema sem innsend gögn á XML formi verða að falla að (e. validate).

Mat á ávöxtun einstakra eignaflokka byggir á tegundaflokkun 36. gr. a. laga nr. 129/1997 og reikna skal ávöxtun (i) hvers tegundaflokks á árinu með eftirfarandi formúlu:

$$i = \frac{2 * (F)}{(A + B) - (F)}$$

F táknar fjárfestingatekjur að frádregnum fjárfestingargjöldum í viðkomandi eignaflokki sem miðast við hlutdeild viðkomandi eignaflokks í fjárfestingargjöldum og öllum þóknunum fjármálafyrirtækja og sjóða um sameiginlega fjárfestingu vegna umsýslu og stjórnunar á fjárfestingum, sbr. lið 3.7 í 10. gr. reglna um ársreikninga lífeyrissjóða nr. 335/2015. Þó skal ekki draga frá áætlaða umsýsluþóknun þegar kostnaðarupplýsingar liggja ekki fyrir, t.d. þegar upplýsingar um slíkar þóknanir fást ekki gefnar upp eða kostnaður er innifalinn í gengismuni eða vaxtatekjum. A táknar bókfærða eign í viðkomandi eignaflokki í ársbyrjun. B táknar bókfærða eign í viðkomandi eignaflokki í árslok.

Nánari upplýsingar um útreikning fjárfestingatekna- og fjárfestingagjalda einstakra eignaflokka, annarra en vegna umsýslu og stjórnunar á fjárfestingum er að finna hér að neðan. Það athugist að einnig á að draga frá umsýslu- og stjórnunarkostnað, sbr. umfjöllun hér að ofan.

A.a. Ríkisvixlar, ríkisskuldabréf og skuldabréf með ábyrgð ríkissjóðs.



FJÁRMÁLAEFTIRLITID

THE FINANCIAL SUPERVISORY AUTHORITY, ICELAND

Vaxtatekjur, verðbætur, hagnaður/tap af sölu skuldabréfa, breytingar á gangvirði (þ.m.t. v/áhrifa gjaldmiðla) skuldabréfa til hækkunar eða lækkunar og hliðstæðar tekjur eða gjöld, ásamt breytingum til hækkunar eða lækkunar á varúðarniðurfærslu sem kann að vera fyrir hendi, vegna tapsáhættu á uppgjörssdegi.

A.b. Fasteignaveðtryggð skuldabréf.

Sjá skilgreiningu undir lið A.a.

B.a. Skuldabréf bæjar- og sveitarfélaga.

Sjá skilgreiningu undir lið A.a.

B.b. Innlán.

Vaxtatekjur af bundnum og óbundnum innlánnum hjá bönkum og sparisjóðum, að frádregnum vaxtagjöldum innan eignaflokksins.

B.c. Sértryggð skuldabréf.

Sjá skilgreiningu undir lið A.a.

C.a. Skuldabréf og víxlar lánastofnana og váttryggingafélaga, að undanskildum víkjandi skuldabréfum.

Sjá skilgreiningu undir lið A.a.

C.b. Hlutir eða hlutdeildarskírteini verðbréfasjóða samkvæmt lögum um verðbréfasjóði, fjárfestingarsjóði og fagfjárfestingsjóði eða tilskipun 2009/65/EB um samræmingu á lögum og stjórnarsýslufyrirmælum að því er varðar verðbréfasjóði (UCITS).

Hagnaður eða tap af sölu hlutdeildarskírteina og hluta í UCITS verðbréfasjóðum og hliðstæðar tekjur eða gjöld og breytingar á gangvirði til hækkunar eða lækkunar af hlutdeildarskírteinum og hlutum í UCITS verðbréfasjóðum.

D.a. Skuldabréf og peningamarkaðsskjöl félaga, og víkjandi skuldabréf lánastofnana og váttryggingafélaga.



FJÁRMÁLAEFTIRLITID

THE FINANCIAL SUPERVISORY AUTHORITY, ICELAND

Vaxtatekjur, verðbætur, hagnaður/tap af sölu skuldabréfa, peningamarkaðsskjala félaga og víkjandi skuldabréfa lánastofnana og váttryggingafélaga, breytingar á gangvirði (þ.m.t. v/áhrifa gjaldmiðla) skuldabréfa, peningamarkaðsskjala félaga og víkjandi skuldabréfa lánastofnana og váttryggingafélaga til hækkunar eða lækkunar og hliðstæðar tekjur eða gjöld, ásamt breytingum til hækkunar eða lækkunar á varúðarniðurfærslu sem kann að vera fyrir hendi, vegna tapsáhattu á uppgjörstegi.

D.b. Skuldabréf og peningamarkaðsskjöl annarra sjóða um sameiginlega fjárfestingu.

Sjá skilgreiningu undir lið D.a.

E.a. Hlutabréf félaga.

Arðgreiðslur af hlutabréfum félaga, hagnaður/tap af sölu eignarhluta í félögum, breytingar á gangvirði (þ.m.t. vegna v/áhrifa gjaldmiðla) hlutabréfa til hækkunar eða lækkunar og hliðstæðar tekjur eða gjöld.

E.b. Hlutdeildarskírteini og hlutir annarra sjóða um sameiginlega fjárfestingu.

Sjá skilgreiningu undir lið C.b.

E.c Fasteignir í aðildarríki Efnahags- og framfarastofnunarinnar (OECD) eða aðildarríki Evrópska efnahagssvæðisins eða Færeyjum.

Hagnaður eða tap af sölu fasteigna, leigutekjur, breytingar á gangvirði (þ.m.t. vegna v/áhrifa gjaldmiðla) fasteigna til hækkunar/lækkunar og hliðstæðar tekur eða gjöld og aðrar tekjur eða gjöld innan eignaflokksins. (Ekki á að tiltaka fasteignir sem notaðar eru í rekstri lífeyrissjóðs eða vörsluaðila séreignarsparnaðar.)

F.b Aðrir fjármálagerningar, þó ekki afleiður.

Hagnaður eða tap af sölu annarra fjármálagerninga, breytingar á gangvirði (þ.m.t. vegna v/áhrifa gjaldmiðla) annarra fjármálagerninga til hækkunar/lækkunar og hliðstæðar tekjur eða gjöld.